

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 15. júní 2020
Tilvísun: FMS2006002 / 05.00

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag á hluta jarðarinnar Þorgeirsstöðum í Lóni ásamt umhverfisskýrslu.

Með tölvupósti dagsett 25. maí 2020 hefur Ferðamálastofu borist til umsagnar tillaga að nýju deiliskipulagi á hluta jarðarinnar Þorgeirsstöðum í Lóni ásamt umhverfisskýrslu.

Almenn umsögn:

Ferðamálastofa fagnar því að verið sé að efla þjónustu fyrir ferðamenn á fyrirhuguðu svæði og telur að umrætt deiliskipulag geti orðið til mikilla bóta fyrir ferðamennsku á svæðinu. Ferðamálastofa telur mikilvægt að vandað verði til verka og hugað verði að þeim áhrifum sem viðkomandi framkvæmd getur haft á upplifun ferðamanna á viðkomandi svæði þ.m.t. þarfir gesta, umhverfis, fyrirtækja og ekki síst heimamanna.


Athugasemdir við einstaka þætti

Á bls. 7 er fjallað um Dmp stefnumótandi stjórnunaráætlun en því heiti hefur verið breytt og heitir núna áfangastaðaáætlun (DMP). Hefur umrætt deiliskipulagssvæði einhverja beina tengingu við áfangastaðaáætlun eða er/verður umrætt svæði ofarlega á forgangslista?

Fyrirhugað er að byggja upp gístaðstöðu fyrir 60 manns. Ferðamálastofa telur að gera þurfi betri grein fyrir því hverskonar gistingu (flokkun og tegund) er um að ræða samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, en ljóst er að hótलगisting í uppabúnum rúmum með tilsvareandi þjónustu (þvotta, veitingaþjónustu o.s.v.fr.) felur í sér allt önnur umhverfisáhrif en einföld svefnpokagisting með eldunaraðstöðu. Eins gæti verið gott að huga að einhverskonar íbúðarhúsnæði fyrir þá sem vinna við ferðaþjónustuna.

Í kaflanum um umhverfisáhrif - matsþurningar og viðmið mætti bæta við í samfélag spurningu er tengist ferðamennsku t.d. bæta við *hefur stefnan áhrif á notkun á svæðinu til ferðamennsku eða útivistar eða hefur stefnan áhrif á ferðamennsku.*

Virðingarfyllst,


Guðrún Dóra Brynjólfsson